Mennta- og menningamálráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð í máli nr. 261/2020.

MATVÍS, KLIPP, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM félag vélstjóra og málmtæknimanna og Samiðn samband iðnfélaga, (hér eftir, öll saman, nefnd Fagfélögin) er eftirfarandi.

Fagfélögin fagna allri vinnu sem lýtur að því að styrkja iðnnám hér á landi.Tryggja þarf að við þessar breytingar sé ekki dregið úr þeim kröfum sem gerðar eru til náms í iðngreinum sem hefur bein áhrif á hæfni þeirra sem ljúka náminu.

Þær breytingar sem kynntar eru í drögum að reglugerðinni eru umtalsverðar og í raun það miklar að segja má að núverandi kerfi sé umbylt. Vegna þess hve breytingarnar eru miklar verður að gera ríkar kröfur til ítarlegra útlistana á nýju kerfi og er því óskað eftir samráði á útfærslum til að tryggja að nýtt fyrirkomulag verði betra en eldra kerfið.

Núverandi skipulag verk- og starfsnáms.

Núverandi kerfi sem gildir um vinnustaðanámið hefur náð sínum megin markmiðum í gegnum tíðina að tryggja að útskrifaðir séu hæfir og vel menntaðir nemendur sem geta skilað af sér gæða handbragði. Hins vegar hefur ekki verið nægt framboð af vinnustaðasamningum fyrir iðnnema í niðursveiflu einstakra iðngreina sem hefur gert það að verkum að skortur er á iðnmenntuðum starfsmönnum í einstaka greinum. Einnig hefur verið skortur á nemendum í iðngreinar sem skapað hefur vöntun á iðnmenntuðum einstaklingum.

Ennfremur má horfa til þess að fleiri atriði leiða til þess að ungt fólk sækir síður í iðnnám, svo sem óstöðugleiki á vinnumarkaði og áhersla samfélagsins á bóknám. Fagfélögin leggja áherslu á að þau atriði séu tekin til skoðunar við breytingar þær sem leiða af reglugerðinni. Fagfélögin fagna þessari viðleitni stjórnvalda til að fækka hindrunum að aðgengi í iðnnám hér á landi.

Tvær leiðir í vinnustaðanámi.

Í drögunum er lagt til að boðið verði uppá tvær leiðir í stað einnar, þannig að til viðbótar við gildandi iðnmeistaraleið, bætist við svokölluð skólaleið.

Í þessu samhengi velta Fagfélögin fyrir sér, hvernig tryggt verði jafnræði milli nemenda sem fara annars vegar iðnmeistaraleiðina og hins vegar nýju skólaleiðina? Hvernig verður tryggt að nemar sem fara skólaleiðina og í starfsþjálfun á vegum skólans án launa á vinnustað verði ekki í samkeppni við starfsfólk á vinnumarkaði?

Í drögum að reglugerðinni er kveðið á um að framhaldskólar hafi umsjón með nemendum í vinnustaðanámi og annist umsýslu með gerð og staðfestingu iðnmeistara- og skólasamninga. Auk þess er þeim falið að hafa eftirlit með samningunum og veitt heimild til að ógilda þá eftir atvikum. Vekur það spurningar hvort rétt sé að að fela skólunum sjálfum þetta eftirlit en ekki

ráðuneytinu eða stofnunum þess? Sem fyrr þarf að tryggja að kennsla til iðnnema sé með fullnægjandi hætti.

Þessu tengt, þarf að tryggja rétt nema í 11. grein varðandi riftun á samningi. Ef nemi einhverra hluta vegna vill rifta samningi þarf að vera opnun fyrir hann þar um.

Hvaða aðstæður þurfa að vera til staðar til að virkja skólaleiðina? Ef skólar og meistarar fá að meta þær aðstæður án annarra aðkomu, má ætla að meistaraleiðin detti fljótt út, þar sem samkeppnisósamræmi verður milli þeirra sem greiða nemendum laun og þeirra sem ekki greiða laun til nemenda.

Tímalengd starfsþjálfunar.

Lagt er til í drögunum að nemendur verði metnir sjónrænt á vinnustað en ekki lengur samkvæmt ákveðnum samningstíma. Í því samhengi má velta því upp til samræmis á bóknámi og verknámi hvort mætingaskylda í bóknámi falli þá niður, til að geta tekið próf?

Hvernig verður hægt að tryggja samræmi í námi, fyrirsjáanleika og jafnræði milli nemenda með því að láta einungis mat á hæfni ráða tímalengd námsins?

Rafræn ferilbók.

Fagfélögin fagna áherslu menntamálayfirvalda undanfarið á gerð rafrænna ferilbóka fyrir starfsnám og hvetja yfirvöld til að efla það starf svo sú vinna skili því að þetta mikilvæga verkfæri verði sem best úr garði gert.

Ferilbækurnar eru um margt grundvöllur að þeim breytingum sem boðaðar eru í reglugerðardrögunum, en rétt er að benda á að í ferilbókum þarf að skilgreina hæfniþætti fyrir bæði skóla og vinnustaði.

Fagfélögin vilja koma þessu á framfæri þar sem fulltrúar menntamálastofnunar hafa kynnt verkefnið um ferilbækurnar þannig að þar eigi einungis að skilgreina atriði sem þjálfa á í vinnustaðanámi.

Fagfélögin binda vonir við að rafræn ferilbók muni tryggja samræmi í kennslu og eftirfylgni varðandi mat á hæfni nemenda milli skóla, sem er forsenda fyrir jafnræði meðal nemenda.

Kostnaðargreining og möguleg þróun á vinnustaðanámi.

Fagfélögin benda á að í núverandi kerfi hefur verið kallað eftir auknu fjármagni þar sem það hefur skort á undanförunum árum. Af þeim sökum og í ljósi inntaks reglugerðardraganna er rétt að óska eftir nánari upplýsingum um kostnað við breytingarnar og hvort nægilegt fjármagn sé tryggt í málaflokkinn.

Fagfélögin óska eftir upplýsingum um framtíðarhlutverk vinnustaðanámssjóðs við gildistöku reglugerðarinnar.

Fagfélögin kalla eftir heildar kostnaðarmati við breytingarnar og kalla eftir upplýsingum um hvort hægt sé að segja til um hve mörg stöðugildi eða viðbótarfjármagn munu fara í málið á næstu árum.

Vinna við drögin og aðkoma Fagfélaganna.

Fagfélögin komu ekki að gerð þessara reglugerðardraga og kalla þess vegna eftir auknu samráði og samstarfi, með aukinni aðkomu að þessum málaflokki á fyrstu stigum svo sjónarmið félaganna nái að komast að á frumstigi málsins.

Virðingarfyllst, f.h. Fagfélaganna

Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur